

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2016/EES/46/01		Orðsending frá Eftirlitsstofnun EFTA – Starfslok og skipun skýrslufulltrúa . . . . .	1
2016/EES/46/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 83/15/COL frá 18. mars 2015 um samræmi tiltekinna markmiða sem er að finna í áætlunum um landsbundin eða starfræn loftrýmisumdæmi sem lögð eru fram samkvæmt reglugerð (EB) nr. 549/2004 við frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir annað viðmiðunartímabilið . . . . .	1
2016/EES/46/03		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 221/15/COL frá 3. júní 2015 um breytingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 83/15/COL frá 18. mars 2015 um samræmi tiltekinna markmiða í áætlunum fyrir lands-bundin eða starfræn loftrýmisumdæmi sem lögð voru fram með frammistöðumarkmiðum í Sambandinu fyrir annað viðmiðunartímabilið samkvæmt reglugerð (EB) nr. 549/2004 . . . . .	4
2016/EES/46/04		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 111/15/COL frá 31. mars 2015 um breytingu á skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og sýnir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 311/13/COL . . . . .	5
2016/EES/46/05		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 293/15/COL frá 14. júlí 2015 um að fallast á landsáætlun um varnir gegn salmonellu í alifuglum og alifuglaafurðum á Íslandi . . . . .	8
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2016/EES/46/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8006 – Canon/Toshiba Medical Systems Corporation) . . . . .	10
2016/EES/46/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8056 – EPH/PPF Investments/Vattenfall Generation/Vattenfall Mining) . . . . .	11
2016/EES/46/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8068 – Bunge/Walter Rau Neusser Öl und Fett) . . . . .	12

<b>2016/EES/46/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8104 – HNA Group/Gategroup) . . . . .	<b>13</b>
<b>2016/EES/46/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8119 – DIF/Électricité de France/Thyssengas) . . . . .	<b>14</b>
<b>2016/EES/46/11</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8123 – Total/Lampiris) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>15</b>
<b>2016/EES/46/12</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8126 – HNA Group/Carlson Hotels) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>16</b>
<b>2016/EES/46/13</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8169 – Verinvest/CRC/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>17</b>
<b>2016/EES/46/14</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8173 – CPPIB/OTPP/IDEAL/Arco Norte) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>18</b>
<b>2016/EES/46/15</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8188 – PostFinance/SIX/Twint) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>19</b>
<b>2016/EES/46/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7854 – Agravis/Wilmar International/H Bögel) . . . . .	<b>20</b>
<b>2016/EES/46/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7946 – PAI/Nestlé/Froneri) . . . . .	<b>20</b>
<b>2016/EES/46/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7965 – World Fuel Services Corporation/Certain aviation fuel assets belonging to Exxon) . . . . .	<b>21</b>
<b>2016/EES/46/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8089 – Randstad/Ausy) . . . . .	<b>21</b>
<b>2016/EES/46/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8111 – Ardian/Crédit Agricole Assurances/Indigo Infra) . . . . .	<b>22</b>
<b>2016/EES/46/21</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8112 – Japan Tunnel Systems Corporation/Mitsubishi Heavy Industries/JV) . . . . .	<b>22</b>
<b>2016/EES/46/22</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8114 – Cobepa/JF Hillebrand Group) . . . . .	<b>23</b>
<b>2016/EES/46/23</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8138 – Shiseido/Dolce Gabbana’s Fragrances, Colour Cosmetics and Skincare Business) . . . . .	<b>23</b>
<b>2016/EES/46/24</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8139 – Onex/Paine & Partners/WireCo) . . . . .	<b>24</b>
<b>2016/EES/46/25</b>	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 28 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. september 2016 . . . . .	<b>25</b>

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Orðsending frá Eftirlitsstofnun EFTA – Starfslok og skipun skýrslufulltrúa**

**2016/EES/46/01**

Eftirlitsstofnun EFTA skipaði, frá og með 1. janúar 2016, Charlotte Fornø og Caspar Ebrecht, starfsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, skýrslufulltrúa að því er varðar ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 442/125/COL frá 29. nóvember 2012 um hlutverk og starfssvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum <sup>(1)</sup>.

Þegar Charlotte Fornø og Caspar Ebrecht tóku við þessum skyldum 1. janúar 2016 létu Clémence Perrin og Auður Steinarsdóttir af störfum sem skýrslufulltrúar, eins og fram kemur í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 442/12/COL.

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA**

**2016/EES/46/02**

**83/15/COL**

**frá 18. mars 2015**

**um samræmi tiltekinnar markmiða sem er að finna í áætlunum um landsbundin eða starfræn loftrýmisumdæmi sem lögð eru fram samkvæmt reglugerð (EB) nr. 549/2004 við frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir annað viðmiðunartímabilið**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til gerðarinnar sem getið er í lið 66t í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými („rammareglugerðin“)), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, einkum stafl. c) í 3. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt rammareglugerðinni ber Konungsríkinu Noregi („Noregur“) að samþykkja áætlanir um landsbundin eða starfræn loftrýmisumdæmi, m.a. bindandi landsbundin markmið eða markmið á sviði starfræna loftrýmisumdæma, til að tryggja samræmi við frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins. Í reglugerðinni er einnig kveðið á um að Eftirlitsstofnun EFTA eigi að meta samræmi þeirra markmiða á grundvelli matsviðmiðananna sem um getur í stafl. d) í 6. mgr. 11. gr. hennar og um að eftirlitsstofnunin geti ákveðið að gefa út tilmæli komist hún að raun um að ekki sé farið að þeim viðmiðunum. Nákvæmar reglur hvað þetta varðar hafa ekki verið settar fram í gerðinni sem getið er í lið 66xf í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (ESB) nr. 390/2013 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta („frammistöðureglugerðin“), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn.
- 2) Frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir meginsvið frammistöðu, þ.e. öryggi, umhverfi, afkastagetu og kostnaðarhagkvæmni fyrir annað viðmiðunartímabilið (2015–2019) voru samþykkt með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/132/ESB og felld inn í lið 66xe í XIII. viðauka við EES-samninginn.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 190, 11.7.2013, bls. 93, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 40, 11.7.2013.

- 3) Noregur sendi Eftirlitsstofnun EFTA frammistöðuáætlanir á sviði starfrænna loftrýmisumdæma, ásamt með öðrum ríkjum sem eru hluti af starfrænu loftrýmisumdæmi Norður-Evrópu (NEFAB), í bréfi dagsettu 17. júlí 2014 (skjal nr. 716241). Breytingar voru síðar gerðar á áætluninni, hin síðasta 14. nóvember 2014. Eftirlitsstofnun EFTA hefur byggt mat sitt á nýjustu upplýsingum sem hafa verið lagðar fram.
- 4) Frammistöðumatnefndin, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar við að meta framkvæmd frammistöðukerfisins samkvæmt 3. gr. frammistöðureglugerðarinnar, sendi eftirlitsstofnuninni fyrstu matsgerð sína 7. október 2014 og uppfærða útgáfu þeirrar skýrslu 15. desember 2014. Þá fékk eftirlitsstofnunin enn fremur skýrslur frá frammistöðumatnefndinni sem byggðust á upplýsingum frá landsbundnum eftirlitsstofnunum um vöktun frammistöðuáætlana og markmiða sem voru lagðar fram í samræmi við 4. mgr. 18. gr. frammistöðureglugerðarinnar.
- 5) Samræmi markmiðanna, sem varða meginsvið frammistöðu á sviði öryggis, sem Noregur lagði fram, að því er varðar ríkin sem eiga aðild að starfrænu loftrýmisumdæmi Norður-Evrópu, sem lýtur að skilvirkni öryggisstjórnunar og beitingu alvarleikaflokkunarinnar á grundvelli áhættugreiningaraðferðarinnar, hefur verið metið, í samræmi við meginreglur sem mælt er fyrir um í 2. lið IV. viðauka við frammistöðureglugerðina. Það mat hefur sýnt fram á að markmið sem Noregur lagði fram, að því er varðar starfræna loftrýmisumdæmi Norður-Evrópu, eru í samræmi við viðkomandi frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins.
- 6) Samræmi markmiðanna sem varða frammistöðu á sviði umhverfis, sem Noregur lagði fram, að því er varðar ríkin sem eiga aðild að starfrænu loftrýmisumdæmi Norður-Evrópu, hefur verið metið, í samræmi við meginreglur sem mælt er fyrir um í 3. lið IV. viðauka við frammistöðureglugerðina. Í matinu er notast við viðmiðunargildi starfrænna loftrýmisumdæma fyrir hagkvæmni leiðarflugs í láréttum fleti raunverulegs ferils, sem, þegar því er beitt, tryggir að frammistöðumarkmiðum Sambandsins, sem netstjórnandi reiknar og koma fram í nýjustu útgáfu aðgerðaáætlunar neta (2014–2018/2019) frá júnímánuði 2014 („aðgerðaáætlun neta“), sé náð í gjörvöllu Sambandinu. Það mat hefur sýnt fram á að markmið sem Noregur lagði fram, að því er varðar starfrænt loftrýmisumdæmi Norður-Evrópu, eru í samræmi við viðkomandi frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins.
- 7) Samræmi markmiðanna, sem varða frammistöðu á sviði afkastagetu, sem Noregur lagði fram, að því er varðar ríkin sem eiga aðild að starfrænu loftrýmisumdæmi Norður-Evrópu, vegna tafar í leiðarflugi flæðisstjórnunar flugumferðar hefur verið metið, í samræmi við meginreglur sem mælt er fyrir um í 4. lið IV. viðauka við frammistöðureglugerðina með því að notast við viðmiðunargildi starfrænna loftrýmisumdæma fyrir afkastagetu sem, þegar því er beitt, tryggir að frammistöðumarkmiðum Sambandsins, sem netstjórnandi reiknar og kemur fram í aðgerðaáætlun neta, sé náð í gjörvöllu Sambandinu. Það mat hefur sýnt fram á að markmið sem Noregur lagði fram, að því er varðar starfrænt loftrýmisumdæmi Norður-Evrópu, eru í samræmi við viðkomandi frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins.
- 8) Markmiðin að því er varðar frammistöðu á sviði kostnaðarhagkvæmni, sem koma fram í ákvörðuðum kostnaði í leiðarflugi, sem Noregur lagði fram, að því er varðar ríkin sem eiga aðild að starfrænu loftrýmisumdæmi Norður-Evrópu, hafa verið metin í samræmi við meginreglur sem mælt er fyrir um í 5. lið, með hliðsjón af 1. lið IV. viðauka við frammistöðureglugerðina, með því að tekið er tillit til tilhneingingar ákvarðaðs kostnaðar leiðarflugs á öðru viðmiðunartímabili og á fyrsta og öðru viðmiðunartímabili (2012–2019) til samans, fjölda þjónustueininga (umferðarspá) og fjárhæð ákvarðaðs kostnaðar í leiðarflugi, í samanburði við ríki þar sem rekstrar- og efnahagsumhverfi er hliðstætt. Það mat hefur sýnt fram á að markmið sem Noregur lagði fram, að því er varðar starfrænt loftrýmisumdæmi Norður-Evrópu, eru í samræmi við viðkomandi frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins.
- 9) Eftirlitsstofnun EFTA telur því að markmiðin sem koma fram í frammistöðuáætlunum Noregs, að því er varðar starfrænt loftrýmisumdæmi Norður-Evrópu, séu í samræmi við frammistöðumarkmið á fjórum helstu sviðum frammistöðu.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Markmiðin í frammistöðuáætlunum sem Noregur hefur lagt fram, að því er varðar starfrænt loftrýmisumdæmi Norður-Evrópu, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 549/2004 og sem koma fram í viðaukanum, eru í samræmi við frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir annað viðmiðunartímabilið sem kemur fram í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/132/ESB.

## 2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda í Noregi.

Gjört í Brussel 18. mars 2015.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Oda Helen Sletnes  
Forseti

Helga Jónsdóttir  
Stjórnarmaður

## VIÐAUKI

**Frammistöðumarkmið á meginviðum frammistöðu á sviði öryggis, umhverfis, afkastagetu og kostnaðarhagkvæmni sem er að finna í landsbundnum áætlunum eða áætlunum starfræns loftrýmisumdæmis, sem lögð eru fram samkvæmt reglugerð (EB) nr. 549/2004, og reyndust vera í samræmi við frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins fyrir annað viðmiðunartímabilið**

**Meginframmistöðusvið að því er varðar öryggi**

Skilvirkni öryggisstjórnunar (ESOM) og beiting alvarleikaflokkunarinnar á grundvelli áhættugreiningaraðferðarinnar (RAT)

EFTA-riki	FAB	EOSM			RAT við jöru á ríkisþrepi %						RAT heildar ANSP-þrep %						
		Ríkis-þrep	ANSP-þrep			2017			2019			2017			2019		
			SC	Önnur MO		SMI	RI	ATMS	SMI	RI	ATMS	SMI	RI	ATMS	SMI	RI	ATMS
Noregur	NEFAB	C	C	D	90	90	80	100	100	100	95	95	85	100	100	100	
[Finnland]																	
[Lettland]																	
[Eistland]																	

**Meginframmistöðusvið að því er varðar umhverfi**

Hagkvæmni leiðarflugs í láréttum fleti raunverulegs ferils

EFTA-riki	FAB	Markumhverfi FAB
		2019
Noregur	NEFAB	1,22%
[Finnland]		
[Lettland]		
[Eistland]		

**Meginframmistöðusvið að því er varðar afkastagetu**

Töf í leiðarflugi flæðisstjórnunar flugumferðar (ATFM) í mín/flug

EFTA-ríki	FAB	Markafkastageta leiðarflugs FAB				
		2015	2016	2017	2018	2019
Noregur	NEFAB	0.12	0.12	0.13	0.13	0.13
[Finnland]						
[Lettland]						
[Eistland]						

**Meginframmistöðusvið að því er varðar kostnaðarhagkvæmni**

Skýringar:

Lykill	Liður	Einingar
A)	Heildarfjárhæð ákvarðaðs kostnaðar leiðarflugs	(á nafnverði og í gjaldmiðli hvers ríkis)
B)	Verðbólguástig	(%)
C)	Verðbólguvisitala	(100=2009)
D)	Heildarfjárhæð ákvarðaðs kostnaðar leiðarflugs	(á raunverði 2009 og í gjaldmiðli hvers ríkis)
E)	Heildarfjöldi þjónustueininga leiðarflugs	(Heildarfjöldi þjónustueininga)
F)	Ákvarðaður einingarkostnaður (DUC) leiðarflugs	(á raunverði 2009 og í gjaldmiðli hvers ríkis)

NEFAB

Gjaldsvæði: Noregur – Gjaldmiðill: NOK					
	2015	2016	2017	2018	2019
A)	1.006.927.248	1.032.667.449	1.051.204.724	1.064.624.439	1.073.048.403
B)	1.6%	1.7%	2.1%	2.5%	2.5%
C)	109.5	111.4	113.7	116.6	119.5
D)	919,164,836	926,904,186	924,136,061	913,105,964	897,883,922
E)	2.287.878	2.367.954	2.438.992	2.499.967	2.549.966
F)	401.75	391.44	378.90	365.25	352.12

\*\*\*

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA**

2016/EES/46/03

221/15/COL

frá 3. júní 2015

**um breytingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 83/15/COL frá 18. mars 2015 um samræmi tiltekinna markmiða í áætlunum fyrir landsbundin eða starfræn loftrýmisumdæmi sem lögð voru fram með frammistöðumarkmiðum í Sambandinu fyrir annað viðmiðunartímabilið samkvæmt reglugerð (EB) nr. 549/2004**

HEFUR EFTIRLITSSTOFNUN EFTA TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til gerðarinnar sem getið er í lið 66t í XIII. viðauka við EES-samninginn (*reglugerð (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými*), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, einkum stafl. c) í 3. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Rangar færslur varðandi Konungsríkið Noreg fundust í töflunni yfir meginframmistöðusvið að því er varðar öryggi í viðauka við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 83/15/COL frá 18. mars 2015 og þarf að leiðrétta þær.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Hlutinn sem varðar meginframmistöðusvið að því er varðar öryggi í viðauka við ákvörðun stjórnar 83/15/COL hljóði svo:

„**Meginframmistöðusvið að því er varðar öryggi**

Skilvirkni öryggisstjórnunar (ESOM) og beiting alvarleikaflokkunarinnar á grundvelli áhættugreiningar-aðferðarinnar (RAT)

EFTA-ríki	FAB	EOSM			RAT við jörðu %						RAT heildarþrep %					
		Ríkis- þrep	ANSP-þrep		2017			2019			2017			2019		
			SC	Önnur MO	SMI	RI	ATMS	SMI	RI	ATMS	SMI	RI	ATMS	SMI	RI	ATMS
Noregur	NEFAB	C	C	D	95	95	85	100	100	100	90	90	85	100	100	100
[Finnland]																
[Lettland]																
[Eistland]“																

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

Gjört í Brussel 3. júní 2015.

*Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA*

Oda Helen Sletnes  
*Forseti*

Helga Jónsdóttir  
*Stjórnarmaður*

## ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2016/EES/46/04

111/15/COL

frá 31. mars 2015

**um breytingu á skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og sýnir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 311/13/COL**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til ákvæða b-liðar 5. liðar inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

með vísan til gerðarinnar sem um getur í 4. lið í hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum*), með áorðnum breytingum, auk breytinga samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina sem um getur í I. viðauka við samninginn, einkum 2. mgr. 6. gr.,

með vísan til gerðarinnar sem um getur í 111. lið í hluta 1.2. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/812/EB frá 21. nóvember 2001 um kröfur um viðurkenningu á skoðunarstöðvum á landamærum sem annast dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum sem eru fluttar inn í Bandalagið frá þriðju löndum), með áorðnum breytingum, einkum 5. mgr. 3. gr.,

með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í d-lið 4. liðar bókunar 1 við EES-samninginn og 2. mgr. 1. gr. og 3. gr. bókunar 1 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Matvælastofnun á Íslandi tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA, með bréfi frá 19. janúar 2015 (skjal nr. 742451, IS ref. Mast14090047/0.2.7.0), að skoðunarstöðinni á landamærum, *Húsavík* (IS HUS 1), hefði verið lokað. Matvælastofnun óskaði þess vegna eftir því að skoðunarstöðin á landamærum yrði tekin af skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunar ráðsins 97/78/EB skal Eftirlitsstofnun EFTA semja og birta skrá um viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum sem síðar kann að vera breytt eða bætt við til að endurspegla breytingar á landsbundnum skráum. Gildandi skrá um viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum var samþykkt með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 311/13/COL frá 17. júlí 2013.

Eftirlitsstofnun EFTA er því skylt að breyta skránni um skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi og birta nýja skrá sem endurspeglar breytingar varðandi skoðunarstöðina á landamærum *Húsavík*.

Eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu til EFTA-nefndar um heilbrigði dýra og plantna, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, með ákvörðun 65/15/COL. Nefndin samþykkti einróma tillögur að breytingum á skránni. Drögin að ráðstöfununum eru þar af leiðandi í samræmi við álit nefndarinnar.

Sá stjórnarmaður sem fer sérstaklega með málefni er varða heilbrigði dýra og plantna hefur, samkvæmt 6. lið ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 494/13/COL, umboð til að gera drög að ráðstöfunum til að breyta skránni yfir skoðunarstöðvar á landamærum í EFTA-ríki sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum ef drögin að ráðstöfunum eru í samræmi við álit EFTA-nefndar um heilbrigði dýra og plantna, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis.

#### ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Skoðunarstöðin á landamærum *Húsavík* (IS HUS 1) er felld úr skránni í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og sýnir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum.
2. Heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum við innflutning til Íslands og Noregs frá löndum utan EES skal fara fram á vegum lögbærra landsyfirvalda á viðurkenndum landamæraskoðunarstöðvum sem taldar eru upp í viðauka við ákvörðun þessa.
3. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 311/13/COL frá 17. júlí 2013 fellur hér með úr gildi.
4. Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er undirrituð.
5. Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda á Íslandi og í Noregi.
6. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 31. mars 2015.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Helga Jónsdóttir  
Stjórnarmaður

Xavier Lewis  
Deildarstjóri

## VIÐAUKI

## Skrá um viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum

## Land: Ísland

1	2	3	4	5	6
Akureyri	IS AKU1	P		HC-T(1)(2)(3), NHC(16)	
Hafnarfjörður	IS HAF 1	P		HC(1)(2)(3), NHC-NT(2)(6)(16)	
Ísafjörður	IS ISA1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Keflavíkurflugvöllur	IS KEF 4	A		HC(2), NHC(2)	O(15)
Reykjavík Eimskip	IS REY 1a	P		HC(2), NHC(2)	
Reykjavík Samskip	IS REY 1b	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3), NHC-NT(2)(6)(16)	
Þorlákshöfn	IS THH1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(6), NHC-NT(6)	

## Land: Noregur

1	2	3	4	5	6
Borg	NO BRG 1	P		HC (2), NHC(2)	E(7)
Båtsfjord	NO BJF 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Egersund	NO EGE 1	P		HC-NT(6), NHC-NT(6)(16)	
Hammerfest	NO HFT 1	P	Rypefjord	HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Honningsvåg	NO HVG 1	P	Honningsvåg	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Kirkenes	NO KKN 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Kristiansund	NO KSU 1	P	Kristiansund	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3) HC-NT(6), NHC-NT(6)	
Larvik	NO LAR 1	P		HC(2)	
Måløy	NO MAY 1	P	Gotteberg	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
Oslo	NO OSL 1	P		HC(2), NHC(2)	
Oslo	NO OSL 4	A		HC(2), NHC(2)	U,E,O
Sortland	NO SLX 1	P	Sortland	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Storskog	NO STS 3	R		HC, NHC	U,E,O
Tromsø	NO TOS 1	P	Bukta	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Solstrand	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Ålesund	NO AES 1	P	Breivika	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Skutvik	HC-T(1)(2)(3), HC-NT(6), NHC-T(FR) (2) (3), NHC-NT(6)	

1 = Heiti

2 = TRACES-kóði

3 = Gerð

A = Flugvöllur

F = Járnbraut

P = Höfn

R = Vegur

4 = Skoðunarmiðstöð

5 = Afurðir

HC = Allar afurðir til mannelis

NHC = Aðrar afurðir

NT = Engar kröfur um hitastig

T = Frystar/kældar afurðir

T(FR) = Frystar afurðir

T(CH) = Kældar afurðir

6 = Lifandi dýr

U = Hóf- og klaufdýr: nautgripir, svín, sauðfé, geitur, villt og tamin hófdýr

E = Skráð dýr af hestaætt samkvæmt skilgreiningunni í tilskipun ráðsins 90/426/EBE

O = Önnur dýr

5-6 = Sérstakar athugasemdir

(1) = Eftirlit í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE sem var tekin á grundvelli ákvæða 3. mgr. 19. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB

(2) = Eingöngu afurðir í umbúðum

- (3) = Eingöngu sjávarafurðir
- (4) = Eingöngu dýrapróttín
- (5) = Eingöngu ull, húðir og skinn
- (6) = Eingöngu fljótandi fita, olía og lýsi
- (7) = Íslenskir hestar (eingöngu frá apríl til október)
- (8) = Eingöngu dýr af hestaætt
- (9) = Eingöngu hitabeltisfiskar
- (10) = Eingöngu kettir, hundar, nagdýr, nartarar, lifandi fiskar, skriðdýr og fuglar aðrir en strútfuglar
- (11) = Eingöngu fôður í lausu
- (12) = Að því er varðar (U) aðeins dýr sem send eru í dýragarða, þegar um hófdýr er að ræða; að því er varðar (O) aðeins dagsgamlir kjúklingar, fiskar, hundar, kettir, skordýr og önnur dýr sem send eru í dýragarða
- (13) = Nagylak HU: Hér er um að ræða landamæraskoðunarstöð (fyrir afurðir) og umferðarleið (fyrir lifandi dýr) á landamærum Ungverjalands og Rúmeníu sem lýtur umsömdum bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í aðildarsáttmálanum, bæði vegna afurða og lifandi dýra; sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/630/EB
- (14) = Ætluð til gegnumflutnings tiltekinna dýraafurða um Evrópubandalagið sem eru ætlaðar til mannelis og eru fluttar frá Rússlandi eða til Rússlands í samræmi við sértæka málsmeðferð sem kveðið er á um í viðkomandi Bandalagslöggjöf
- (15) = Eingöngu dýr sem eru notuð í fiskeldi
- (16) = Eingöngu fiskimjöl

## ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2016/EES/46/05

293/15/COL

frá 14. júlí 2015

### um að fallast á landsáætlun um varnir gegn salmonellu í alifuglum og alifuglaafurðum á Íslandi

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til gerðarinnar sem um getur í lið 8b í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

*reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum,*

með vísan til gerðarinnar sem um getur í 17. lið í hluta 6.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

*reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu,*

með vísan til gerðarinnar sem um getur í 53. lið í hluta 7.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

*reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2010 frá 10. mars 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar það markmið Sambandsins að draga úr algengi sermigerða salmonellu í hópum fullorðinna undaneldisfugla af tegundinni Gallus gallus,*

með vísan til gerðarinnar sem um getur í 55. lið í hluta 7.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

*reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 517/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar það markmið Sambandsins að draga úr algengi tiltekinna sermigerða salmonellu í varphænum af tegundinni Gallus gallus og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2160/2003 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2010,*

með vísan til gerðarinnar sem um getur í 57. lið í hluta 7.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

*reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2012 frá 8. mars 2012 varðandi það markmið Sambandsins að draga úr Salmonella enteritidis og Salmonella typhimurium í hópum holdakjúklinga, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003,*

með vísan til gerðarinnar sem um getur í 51. lið í hluta 7.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1190/2012 frá 12. mars 2012 varðandi það markmið Sambandsins að draga úr *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í hópum kalkúna eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003,

með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í d-lið 4. liðar bókunar 1 við EES-samninginn og 2. mgr. 1. gr. og 3. gr. bókunar 1 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 494/13/COL frá 11. desember 2013 um að veita þeim stjórnarmanni sem fer sérstaklega með málefni er varða heilbrigði dýra og plantna umboð til að taka tiltekna ákvarðanir og gera tilekna ráðstafanir (skjal nr. 683826), einkum 1. liðar –

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilgangurinn með reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er að tryggja að gripið sé til viðeigandi og árangursríkra ráðstafana til að greina og verjast salmonellu og öðrum smitvöldum sjúkdóma sem berast milli manna og dýra á öllum viðeigandi stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, einkum á frumframleiðslustiginu, í því skyni að draga úr algengi þeirra og þeirri áhættu sem lýðheilsu stafar af þeim.

Sett var markmið EES um að draga úr algengi allra sermigerða salmonellu, sem hafa áhrif á lýðheilsu, í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* á stigum frumframleiðslu með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2010.

Sett var markmið EES um að draga úr algengi tiltekinnar sermigerða salmonellu í undaneldisfuglum af tegundinni *Gallus gallus* með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 517/2011.

Sett var markmið EES um að draga úr *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í hópum holdakjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2012.

Sett var markmið EES um að draga úr *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í hópum kalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1190/2012.

Aðildarríki EES þurfa, til að ná fram þessum markmiðum, að setja á laggirnar landsáætlanir um varnir gegn salmonellu í viðeigandi stofnum og senda þær til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2160/2003.

Ísland hefur lagt fram landsáætlun sína um varnir gegn salmonellu í alifuglum og alifuglaafurðum. Varnaráætlunin miðar að því að draga úr algengi allra sermigerða salmonellu þannig að það verði minna en 1% fyrir alla hópa alifugla, þ.e. í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus*, varphænum af tegundinni *Gallus gallus*, hópum holdakjúklinga og hópum kalkúna.

Eftirlitsstofnun EFTA taldi að áætlunin sem Ísland lagði fram skyldi samþykkt þar eð hún fór að viðeigandi dýraheilbrigðislöggjöf EES, einkum reglugerð (EB) nr. 2160/2003. Eftirlitsstofnunin bendir þó á að Íslandi hafi ekki lagt fram nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að meta hvort varnaráætlunin sé jafngild þeirri sem var samþykkt fyrir Finnland og Svíþjóð, eins og kveðið er á um í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004.

Eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu því til EFTA-nefndar um heilbrigði dýra og plantna með ákvörðun nr. 209/15/COL. Nefndin féllst einróma á tillögur að ákvörðunum um að fallast á innlenda varnaráætlun sem Ísland setti á laggirnar til að verjast salmonellu í alifuglum og alifuglaafurðum. Drögin að ráðstöfununum eru þar af leiðandi í samræmi við álit nefndarinnar.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Landsáætlunin sem Ísland setti á laggirnar um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus*, varphænum af tegundinni *Gallus gallus*, hópum holdakjúklinga og hópum kalkúna er samþykkt.
2. Ákvörðun þessari er beint til Íslands.
3. Ákvörðunin öðlast þegar í stað gildi.
4. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 14. júlí 2015.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Helga Jónsdóttir  
Stjórnarmaður

Markus Schneider  
Starfandi deildarstjóri

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8006 – Canon/Toshiba Medical Systems Corporation)

2016/EES/46/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. ágúst 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Canon Inc. Óta, Tokyo („Canon“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í japanska fyrirtækinu Toshiba Medical Systems Corporation („TMSC“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Canon: starfar á heimsvísu á sviði þróunar, framleiðslu og sölu myndgreiningarbúnaðar og annars rafeindabúnaðar fyrir neytendur og sérfræðinga sem og tilheyrandi hugbúnaðar og þjónustu, þ.m.t. skrifstofuvélar, m.a. prentarar, ljósritunarárvef, skannar og margvíslegar samsetningar þeirra, ásamt sölu á hugbúnaði og þjónustu í tengslum við þær; myndavélar, linsur og myndbandsupptökuvélar; lækningatæki; búnaður til framleiðslu á hálfleiðurum og öðrum iðnaðarafurðum.
  - TMSC: starfar á heimsvísu á sviði þróunar, framleiðslu og sölu lækningatækja og veitir tækniþjónustu í tengslum við þau, þ.m.t. myndgreiningarkerfi (röntgengeislar), tölvusneiðmyndakerfi, segulómkerfi (MRI), greiningarkerfi til ómskoðunar, geislameðferðarkerfi, greiningarkerfi til geislalækninga, búnaður til greiningar læknisfræðilegra sýna ásamt upplýsingakerfum fyrir lækningatæki.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 304, 20.8.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8006 – Canon/Toshiba Medical Systems Corporation, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2016/EES/46/07****(mál M.8056 – EPH/PPF Investments/Vattenfall Generation/Vattenfall Mining)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. ágúst 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem tékkneska fyrirtækið Energetický a průmyslový holding, a.s. („EPH“) og PPF Investments Ltd. á Jersey („PPF“) öðlast með hlutafjárkaupum sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í þýsku fyrirtækjunum Vattenfall Europe Generation AG („Vattenfall-G“) og Vattenfall Europe Mining Aktiengesellschaft („Vattenfall-M“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - EPH: eignarhaldsfélag með starfsemi í kolavinnslu, raforku- og hitaframleiðslu með hefðbundnum og endurnýjanlegum orkugjöfum, m.a. raforku-, hitadreifikerfi og gasveita. EPH stundar rekstur, í gegnum dótturfélög, einkum í Tékklandi, Slóvakíu, Þýskalandi, Ítalíu, Póllandi, Ungverjalandi og Bretlandi.
  - PPF Investments: alþjóðleg einkarekin fjárfestingarsamstæða (e. private equity group) með megináherslu á efnahagskerfi í umbreytingu í Mið- og Austur-Evrópu eða Asíu.
  - Vattenfall-G: hefur þann tilgang helstan að framleiða rafmagn. Fyrirtækið er nú að fullu í eigu þýska seljandans Vattenfall GmbH.
  - Vattenfall-M: helsta markmið fyrirtækisins er að vinna úr jörðu óunnin brúnkol í Lusatia-héraði í Austur-Þýskalandi og bjóða þau brúnkol sem unnin hafa verið úr jörðu orkuverum og hreinsunarstöðvum innan samstæðu sem nota brúnkol sem orkugjafa. Fyrirtækið er nú að fullu í eigu þýska seljandans Vattenfall GmbH.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 311, 26. ágúst 2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.8056 – EPH/PPF Investments/Vattenfall Generation/Vattenfall Mining, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8068 – Bunge/Walter Rau Neusser Öl und Fett)**

2016/EES/46/08

